

**166. fundur barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum
haldinn í í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 12. september
2019
og hófst hann kl. 12:30**

Fundinn sátu:

Bryndís G Friðgeirsdóttir, aðalmaður, Martha Kristín Pálmadóttir, aðalmaður, Þóra Hansdóttir, aðalmaður, Kristján Óskar Ásvaldsson, aðalmaður, Sif Huld Albertsdóttir, varamaður, Magnús Þór Bjarnason, varamaður, Heba Dís Þrastardóttir, varamaður, Kristín Ósk Jónsdóttir, varamaður, Barði Ingibjartsson, varamaður, Þóra Marý Arnórsdóttir, deildarstjóri fötlunarþjónustu, Guðlaug María Júlíusdóttir, deildarstjóri barnaverndar og Arna Ýr Kristinsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

Fundargerð ritaði: Arna Ýr Kristinsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði
Rakel Rán Sigurbjörnsdóttir nýr deildarstjóri í barnvernd sat fundinn.

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál - 2012010059

Lagt fram mál undir liðnum trúnaðarmál.

Trúnaðarmál bókað í trúnaðarmálabók.

2. Reglur vegna greiðslna lögmannaðstoðar í barnaverndarmálum - 2019090053

Kynntar reglur barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum vegna greiðslna lögmannaðstoðar í barnaverndarmálum frá árinu 2003.

Nefndin ákveður að hafa starfsdag í byrjun nóvember 2019 til að uppfæra reglur barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum um greiðslur lögmannaðstoðar í barnaverndarmálum. Nefndin felur starfsmanni að finna samsvarandi reglur annarra sveitarfélaga og senda á nefndina.

3. Verklag vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu fyrir stofnanir sem starfa með börnum - 2019050055

Lögð fram áskorun frá UNICEF varðandi heildstætt og samræmt verklag, vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu fyrir allar stofnanir sem starfa með börnum.

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum ákveður að senda bréf á fræðslunefndir allra þriggja sveitarfélaganna sem standa að nefndinni þar sem óskað er eftir töhulegum upplýsingum um fjölda barna sem hafa orðið fyrir ofbeldi eða vanrækslu, til að hægt sé að bera þær saman við ársskýrslu barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum. Þannig er markvisst hægt að meta árangur af forvörnum og fræðslu sem til staðar er í sveitarfélaginu og skoða hversu stór hluti barna sem verða fyrir ofbeldi skilar sér ekki til barnaverndar. Einnig hvetur nefndin þau þrjú sveitarfélög sem standa að nefndinni að setja sér sameiginlegt heildstætt og samræmt verklag, vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu fyrir allar stofnanir sem starfa með börnum.

4. Samstarf um barnavernd á norðanverðum Vestfjörðum. - 2017020009

Kynnt uppgjör vegna ársins 2018 og væntanlegir viðaukar ársins 2019. Einnig kynnt fjárhagsáætlunargerð fyrir 2020.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30

Bryndís G Friðgeirsdóttir

Martha Kristín Pálmadóttir

Póra Hansdóttir

Kristján Óskar Ásvaldsson

Póra Marý Arnórsdóttir

Guðlaug María Júlíusdóttir

Arna Ýr Kristinsdóttir